

16. fundur samstarfsnefndar um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

Fundurinn var haldinn í skólanum fimmtudaginn 26. ágúst 1976.

Mættir voru skólameistari, Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson, Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir, Jón Hólmgeirsson og Hreinn Ásgrímsson.

Í fundarbyrjun var gamla vélaverkstæðið í Keflavíkurbæjar við Flugvallarveg skoðað, og leist mönnum all vel á það húsnæði til verknámskennslu, en ekki er ljóst hvort möguleikar eru á að fá það.

s.l. þriðjudag var annað húsnæði skoðað, en þótti ekki nægilega hentugt.

Eftir að skólameistari og Ingólfur höfðu gert nánari grein fyrir umsóknunum, og menn höfðu rætt þær urðu menn sammála um að mæla með því við ráðuneyti að eftirtaldir aðilar yrðu ráðnir að skólanum:

Alexander Valdimarsson	hálf staða
Gizur Í. Helgason	heilastaða
Hélgil Jóhannsson	heil staða
Ingólfur Halldórsson	heil staða
Jón Friðberg Hjartarson	heil staða
Magnús H. Gíslason	heil staða
Maja Loebell	hálf staða
Óskar Jónsson	heil staða
Patricia Aylett	heil staða
Sigrún R. Þorsteinsdóttir	heil staða
Stefán Geir Karlsson	heil staða
Ægir Sigurðsson	heil staða

Verknámskennara vantar ennþá, en skólameistara var falið að annast ráðningu stundakennara þánsæm til þarf. Skólinn á rétt á ráðningu 12-13 kennara.

Ákveðið var að skólasetning fari fram í Stapa laugardaginn 11. september klukkan 2.00.

Skólaakstur: Auglýst hefur verið eftir tilboðum í aksturinn með skilafresti til 3. september.

Bókasafn. Lokið hefur verið við gerð teikninga og stendur til að hefjast handa á næstu dögum.

Ingólfi Halldórssyni var falið að leita eftir kennara til að annast verknámskennsluna, og jafnframt að falast eftir húsnæði því er skoðað var í fundarbyrjun.

Næst lögðu skólameistari og Ingólfur Halldórsson fram fjárhagsáætlun skólans fyrir þetta ár. Þar er gert ráð fyrir húsgagnakaupum, kennslutækjakaupum o.fl. fyrir samtals kr. 15.000.000. Eru tækjakaup til verknámskennslu þar stærsti liðurinn.

Greiðsluskipting þessarar upphæðar er sem hér segir:

Ríkissjóður	kr. 9.000.000
Keflavík	" 3.100.000
Njarðvík	" 870.000
Grindavík	" 830.000
Gerðahreppur	" 530.000
Vatnsleysustrandarhreppur	" 220.000
Hafnahreppur	" 67.000

Í fjárhagsáætlun skólans fyrir skólaárið 1976-1977 og samin var fyrr í sumar er ekki gert ráð fyrir neinum nýbyggingum fyrir skólann. Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að hefjast þegar handa við heildarhönnun skólans. Þyrfti bygging fyrir verknámskennslu síðan að hafa algjöran forgang og væri aðkallandi að hefja framkvæmdir við þá byggingu þegar á næsta ári.

Mötuneyti. Fram kom að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði mötuneytis skal vera 60% á móti 40% sveitarfélaganna. Ekki liggur fyllilega ljóst fyrir hvort ríkissjóður taki einhvern þátt í rekstri þess, en ákveðið var að kanna það nánar. Skátar í Keflavík eru reiðubúnir að leigja húsnæði sitt fyrir mötuneyti, en hafa ekki áhuga á að taka að sér rekstur þess. Þeim Gunnari og Ingvari var falið að leita uppi aðila sem áhuga hefði á slíkum rekstri.

Íþróttir. Húsnæði til íþróttakennslu er til reiðu í Njarðvík alls 20 kennslustundir á viku.

Öldungadeild. Skrásetning í væntanlega öldungadeild við skólann fer fram 1. og 2. september. Skólameistara var falið að kanna hvaða þátt ríkissjóður fengist til að styðja slíka starfsemi.

Ritari. Samþykkt var að ráða Einar Þórðarson, Faxabraut 49, sem ritara við skólann.

Stundakrángerð. Rekstrarráðgjöf s.f., Reykjavík býðst til þess að tölvuvinna allar stundaskrár skólans, ásamt akstursáætlun fyrir kr. 150.000. Þess skal getið að stundaskrángerð þessa skólastigs er gjaldskyld. Var samþykkt að ganga að þessu tilboði.

Formaður boðaði til næsta fundar fimmtudaginn 2. september á sama stað kl. 20.00.

Var fundi því næst slitið kl. 23.00.